

Helgi Pjeturss. dr.:

Úrslitaumskiftin
í sögu mannkynsins

og stórmerkileg bók
þaraðlútandi

I.

JEG HEFI í Þónýal getið um hinn svo afar víðförla og margfróða sænska jarðfræðing prófessor dr. Joh. Gunnar Andersson, og bók, sem sagt var að hann hefði í smíðum, og ætti að heita „Fred eller Förintelse“ (Friður eða glötun). Beið jeg bókar þessarar með mikilli eftirvæntingu, og ekki að ástæðulausu, eins og jeg veit nú, er jeg heti haft hana handa á milli. En próf. dr. Dag Strömbäck í Uppsölum hefur verið svo notalegur að senda mjer þá bók.

Próf. Andersson er maður, sem víðar hefur komið hjer á jörðu, en flestir aðrir. Hann hefur verið við rannsóknir í nánd við bæði heimsskautin, og ferðast mikið um Asíu, einkum Kína, þar sem hann dvaldi mörg ár. Hann er nú kominn á elljár og segir í bók þessari ýmislegt af niðurstöðum og reynslu langrar vísindamannsævi, og þó einkum í sambandi við það, sem í ellinni er hans mikla áhugamál. En það er að reyna að stuðla að því, að orðið geti þessi friðaröld, sem hann telur nauðsynlega til að afstýra því að mannkynið líði undir lok.

Margt væri um þessa ágætu bók að segja, en þó verð jeg að leiða mest af því hjá mjer að sinni, og aðeins geta um það, sem mjer þykir allra merkilegast. En það er að finna á bls. 278. Þar segir höfundur svo: Sem náttúrufræðingur tortryggi jeg mjög þessa skiptingu í heim vísindanna og heim trúarinnar, sem menn hafa haft svo miklar mætur á Sennilega

er sú skipting aðeins til bráðabirgða Einn dag mun hin hækkandi flóðalda vísindalegra rannsókna ná alla leið upp til hins ósýnilega Einhver lífeðlisfræðingur, sálfræðingur eða sálsýkifræðingur, mun brjóta fyrsta litla skarðið í þann vegg, sem ennþá byrgir hinn ósýnilega heim fyrir oss. Í fyrstu mun þessu ekki verða tekið öðru vísi en með efasemdum og mótmælum. En síðan vikkar útsýnið, og nýtt mat verður lagt á mörg gömul verðmæti“ (Sbr. hið fræga orðtak Nietzsches: „Umwertung aller Werte“).

II.

Svo virðist mjer, sem hinn mikli náttúrufræðingur hafi þarna spaklega að orði komist. Hann sjer fram á nýja öld, sem hljótast muni af stórkostlegri útfærslu náttúruvísindanna. En rjettara hefði verið að segja, að því upphafi mundi í fyrstu verða tekið með þögn og sljóvleika, því að svo hef ur oftast verið, þegar um upphaf hinna stórkostlegustu tíðinda í heimi vísindanna var að ræða. Og svo er enn. Því að þetta, sem dr. Andersson er að segja fyrir, er þegar orðið. En ekki er það þó neinn lífeðlisfræðingur, sálfræðingur eða sálsýkifræðingur, sem þarna hefur átt upptökin, heldur jarðfræðingur. Og að vísu var það engum nær að eiga upptökin að þessu nýmæli í sögu jarðar og mannkyns, en einmitt jarðfræðingi. Og enn verður að athuga, að það er ekkert smáskarð, sem brotið hefur verið í

þennan vegg, sem haldi fyrir oss það, sem einmitt svo mjög mikið ríður á að vera ekki alveg ófróður um. — Veggurinn er gjörfallinn. Og nú er að neyta þessa svo undursamlega útsýnis, sem þar með er fengið.

III.

Það er engin furða, þó að eins vitur maður og margfróður og jarðfræðingurinn J. G. Andersson skuli hafa verið einn hinna fyrstu til að gera sjer ljóst, að mannkynið er nú á sömu leið og jötuneðlurnar á krítaröld, og svo ótalmargar líftegundir aðrar, sem uppi hafa verið á jörðu vorri. En aldrei hefur eins greinilega og nú, eftir styrjöldina mestu, komið í ljós, á hvaða leið er verið hjer á jörðu.

Lítum til Indlands. Svo mjög sem það land er oss fjarri, og Indverjar, þá verður oss óumflýjanlega þangað hugsað þessa dagana. Fyrst eru þessi ógurlegu morð margra tuga þúsunda, vegna trúarinnar, og svo þar á ofan flóðin, þar sem enn tugþúsundir láta lífið, margir hverjir á flóttu undan morðingjum. Og skelfingarnar verða ennþá skelfilegri af því að það eru svo margir sem skelfast. Úr sömu áttinni eru frjettirnar um, að nú sje að hefjast ein sú drepsótt, sem menn að vonum eru hræddastir við. Við því má þó búast, að hinar visindalegu varnir, sem lækarnir kunna nú tök á, muni að þessu sinni koma í veg fyrir að drepsóttin fari mjög víða. En ósköp er hætt við því, að slíkar varnir mundu lamast, eftir næstu heims-

styrjöld, þar sem enn væri hins verrar von.

IV.

Enginn má skilja mig svo, sem jeg telji vonlaust um, að þeirri heimsstyrjöld, sem þó nú virðist svo mjög draga til, verði afstýrt. En víst er um það, að hinar yfirvofandi hættur eru meiri nú en nokkru sinni áður í sögu mannkynsins. Og munu þó hætturnar enn fara vaxandi, meðan ekki getur tekist sú stefnubreyting, sem nauðsynleg er. Jafnvel þó að enginn iegði trúnað á orð mín, þá læt jeg það ekki aftra mjer frá að segja það, sem jeg get ekki efast um að mikið ríður á að vita. Mannkyn, sem á, eins og alkunnugt er orðið nú, upptök sín neðst niðri í lífríki jarðar vorrar, verður að vitkast svo, að það skilji vegna hvers nokkru af hinu líflausa efni eins jarðarhnattar er snúið til lífs, og vegna hvers er verið að leitast við að vaxa fram til vits, og vaxa að viti. Samband verður að nást við mannkyn, sem ofar eru í framvindu sköpunarverksins, en vjer og ef það samband ekki tekst, þá er glötunin vís. En takist það, þá verður á skömmum tíma, gjörbreyting á högum mannkyns. — Framför í þekkingu verður þá svo mikil, að mannkynið fer að geta náð tökum á náttúruöflum síns hnattar, jafnvel langt fram yfir það, sem talið er hugsanlegt hjá helstefnumannkyni.

V.

Prófessor Andersson minnst í sinni stórmerku bók á framtíð Svíþjóðar. Hann getur þess, hvernig rannsóknir G. de Geers, eins af ágætustu ísaldarfræðingum, leiddu til þess að hann gat sagt, að fyrir hb. 10000 árum, hefur jökull legið þar á landinu, sem Stökk-hólmsborg er nú. Andersson segir, eins og óefað er rjett, að gera megi ráð fyrir því, að enn geti orðið veður-farsbreyting, og það svo, að Svíþjóð verði aftur óbyggileg. Telur hann víst, að þegar hinn vaxandi skriðjökull rótar upp því, sem nú er hið frjósama akurlendi Skánar, muni það koma í ljós, að niðjar nútímamannkynsins verði einskis megnugir gagnvart náttúruöflunum. Nú er að vísu óhætt að segja það, að áður en til slíks kæmi, mundi helstefnumannkyn vera liðið undir lok. Því að engar líkur eru til að mannkyn vort mundi eiga fyrir höndum þúsund ára sögu, hvað þá meir, ef stefnubreytingin mikla tekst ekki.

En ef hún tekst, þá þarf ekki að kvíða því, að mannkynið verði vanmegnugt gagnvart veðurfarsbreytingum eða jafnvel eldgosum og jarðskjálftum. Það er engin furða, þó að slíkt þyki ótrúlegt. En minna má á orð Aragós, hins ágæta franska stjörnufræðings. Vjer skulum fara mjög varlega í að nota orðið „ómögulegt“, þegar um framtíð vísindanna er að ræða, sagði Aragós. Og er þó mun

auðveldara nú en á hans dögum var, að renna grun í að hann hafi haft rjett fyrir sjer, jafnvel þó að framsókn vísindanna hafi tekið nokkuð ranga stefnu, mest vegna þess, að sumar tegundir vísindamanna hafa átt erfiðara uppdráttar en þurft hefði. En hvern mundi hafa grunað, fyrir rúmum 300 árum, þegar hið nýfundna rafmagn, virtist ekki vera til annars en lítillsháttar skemmtunar, en til einskis gagns, að þar væri raunar upphaf vísinda, sem á nokkrum áratugum mundu gjörbreyta högum mannkynsins. Og þó er til orka, sem þegar menn fara að kunna stjórn á henni, mun margfaldlega miklu meir en rafmagnið miða til að bæta hagi mannanna, og gera þá að stjórnendum náttúruaflanna. Það er ekki þóðeilismagnið (atómorkan), sem jeg hefi hjer í huga, heldur miklu fremur annað magn, sem kunna verður tökin á, ef ekki á atómorkan að verða meir til að auka hættur mannlífsins en hagsæld.

Sept.—okt. 1947.

Helgi Pjeturss.

Leit. Mbl. 1947